

Reglugerð

um breytingu á reglugerð nr. 348/2007 um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum

1. gr.

Á eftir 5. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Standandi farþegar

Óheimilt er að aka með standandi farþega þar sem leyfður hámarkshraði er yfir 80km/klst.

2. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. er rekstrarleyfishöfum í reglubundnum farþegaflutningum heimilt að hafa standandi farþega þar sem leyfður hámarkshraði er meiri en 80 km á klst. ef farartækið er sérstaklega ætlað fyrir standandi farþega en þá skal farartækinu aldrei ekið hraðar en að hámarki 80 km á klst. Standandi farþegar verða að hafa náð 18 ára aldri. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2019.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 71. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, . ágúst 2017

Jón Gunnarsson

Ragnhildur Hjaltadóttir